

Sþ.

18. Tillaga til þingsályktunar

[18. mál]

um hreyfanlega viðgerðaðþjónustu við fiskileitartæki sildarflotans.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvornig bezt verði fyrir komið hreyfanlegri viðgerðaðþjónustu við fiskileitartæki síldveiðiflotans.

Greinargerð.

Landsmönnum öllum er nú ljóst orðið af reynslu undanfarinna ára, hve mikilvirk hin nýju fiskileitartæki fiskiskipaflotans eru. Fullyrt er af þeim skipstjórum fiskiskipaflotans, sem til sín hafa látið heyra opinberlega, að aðeins örlítið brot þess síldarafla, sem undanfarið hefur á land komið, hefði á land komið, ef ekki hefði notið við hinna fullkomnu fiskileitar- og fiskveiðitækja.

Það liggur í augum uppi, þegar skoðaðar eru tölur um útflutningsafurðir þjóðarinnar, hve stór hluti sildarafurðirnar eru og þar af leiðandi hve mikið þjóðarbúið sem heild á undir því, að e. t. v. í stærstu hrotunum lamist veiðarnar ekki vegna skorts á nauðsynlegri viðgerðarþjónustu.

Nú munu þess allmörg dæmi, að einstök skip hafi orðið að hverfa frá veiðum e. t. v. á beztu veiðidögnum vegna bilana á fiskileitartækjunum. Viðgerð tækjanna hefur þá ekki alltaf reynzt auðveld og ómetanlegt tjón af því hlotizt. Á s. l. sumir voru t. d. á þriðja hundrað fiskiskip í síldveiðiflotanum. Þá reyndist síldin meginhluta veiðitímans vera fyrir Austfjörðum. Aðeins á einum stað — á Norðfirði — var viðgerðarmaður til að annast nauðsynlegustu fyrirgreiðslu í þessum efnum, og voru þess dæmi, að biðraðir skipa væru á Norðfirði til að fá viðgerð tæki sín. Önnur fyrirgreiðsla í þessum efnum var ekki fyrir hendi, þegar frá eru tekin einstök dæmi um, að skipstjórnir hringdu utan úr sjó til umboðssala tækjanna í Reykjavík og fengju senda viðgerðarmenn í flugvél til verstöðvanna á Austurlandi, en af því hlutust óhjákvæmilega meiri eða minni tafir frá veiðum, — tafir, sem ekki verða metnar til verðs. Þess er þó einnig skylt að minnast, að 1—2 vikur veiðitímans s. l. sumar voru viðgerðarmenn frá ýmsum umboðum veiðitækjanna í síldarverstöðvunum.

Þrátt fyrir framantalda viðleitni er hér um alls ófullnægjandi þjónustu að ræða, þegar hliðsjón er höfð af því, hve mikilvægt er, að skipin stöðvist ekki á bezta veiðitímanum.

Tilgangur tillögu þessarar er að fá úr þessu bætt og að nákvæmlega verði athugað, hvort ekki er unnt að koma við hreyfanlegri viðgerðarþjónustu á þessum dýrmætu tækjum, sem fylgt gæti síldarflotanum eftir allan veiðitímann.